

INNRA STARF

Flestar deildir segja **deildarstjórastarfið** (sem reyndar heitir verkefnisstjórastarf) flytjast milli manna á tveggja ára fresti í góðu samkomulagi allra innan deildar. Undantekning eru starfsnámsbrautirnar sem hafa kennslustjóra. Hann er ráðinn til þriggja ára í senn.

Fundir eru haldnir “þegar skólameistari auglýsir deildafundi” og annars “eftir þörfum” og á þeim eru rædd fagleg og praktísk mál deildanna. Margar deildir lýstu eftir ákveðnum tíma fyrir vikulega fundi, nokkuð sem sjaldnast er hægt að koma við innan vinnudagsins eins og töflur eru gerðar. Auglýstur tími fyrir deildarfundi er erfiður í framkvæmd í þeim tilfellum þar sem kennarar kenna í fleiri en einni deild. Ýmsir lýstu því sem helsta veikleika hve samstarf og samráð innan deildar væri óskipulegt og ómarkvisst.

Námsefni tekur undantekningarlítið mið af námskrá. Skortur á góðu og aðgengilegu námsefni er vandamál í mjög mörgum deildum. Kvarta margar þeirra yfir því að þurfa að útbúa sjálfar námsefni í sumum áföngum og lýsa eftir meiri stuðningi við slíka vinnu. Þar sem eitthvað framboð er á námsefni sem fellur að námskrá ræður sannfæring kennara yfirleitt vali. Flest það námsefni sem hér er notað er einnig notað í öðrum skólum.

Kennsluáætlanir eru samdar í sameiningu þar sem fleiri en einn kennari kemur að kennslu áfanga, annars eru þær verkefni hvers kennara. Þeim er undantekningarlítið fylgt og fannst kennurum greinilega dónaskapur að ýja að öðru í spurningalista.

Samvinna þvert á deildir er ekki mikil. Helst er um að ræða samvinnu vegna einstakra verkefna eins og nemendaskipta við útlönd og þessháttar og sjúkraliðabraut nefndi þverfaglegt námskeið í framhaldsnámi sjúkraliða. Sögudeild og íslenskudeild hafa einnig unnið saman að verkefni fyrir Þjóðskjalasafn. Samvinna við bókasafn er allstaðar einhver en mismikil eftir deildum og auk þess sér bókasafnsfræðingur um kennslu í upplýsingalæsi og safnotkun og fer sú kennsla fram í lífsleikniáföngum.

Samvinna (formleg) við aðra skóla er lítil og harma það margar deildir. Þó eru undantekningar þar á sbr. upplýsinga og fjölmiðlabraut sem tekur við nemendum frá öðrum skólum í valgreinar og sendir nemendur úr húsi í sömu erindum.

Starfsmenntabrautir hafa mismunandi sögu að segja af **samskiptum við atvinnulífið** – sjúkraliðabraut og lyfjatæknabraut eiga góð samskipti meðan upplýsinga- og fjölmiðlabraut kvartar yfir erfiðleikum við að koma nemendum í starfsnám.

Styrkleikar í innra starfi deilda segja kennarar undantekningarlítið felast í áhugasömum og velmenntuðum kennurum sem eru iðnir við að semja námsefni og sækja sér endurmenntun og fróðleik. Góð samstaða innan deilda var einnig oft nefnd í þessu sambandi og tengsl við atvinnulífið (þar sem það á við) og viðeigandi faggreinafélög eru einnig talin upp meðal styrkleika.

Veikleikar. Þar nefna allar deildir sem hafa verklega kennslu að hana þurfi að bæta. Nemendafjöldi í hópum var líka nefndur. Skortur á samráði innan deildar og skortur á tíma fyrir samráðsfundi nefndu nokkrar deildir sem helsta veikleika. Lítið rúm fyrir stuðning við nýja kennara var nefnt sem og heimasíðuvandamál og erfiðleikar og lítil stuðningur við að halda úti og uppfæra heimsíðu deildar.

BROTTFALL OG PRÓF

Deildir segjast yfirleitt ekki geta tjáð sig um **brottfall** úr skóla en þær eru fúsar að ræða **fall í einstökum áföngum**. Þar ber flestum saman um að fallið sé mest í byrjunaráföngum segja yfirleitt að það fari vaxandi eða standi í stað. Ýmist telja þær að um sé að ræða lélega undirstöðu nemenda eða almennt áhugaleysi. Breiddin í hópi nýnema er þó mikil og fall er sjaldnast vandamál hjá þeim sem koma upp með góðar einkunnir úr grunnskóla.

Aðferðir til að sporna við aukinni/hárri falltíðni í grunnáföngum eru margvíslegar. Kennarar í kjarnagreinum hafa boðið aukatíma sem og stuðningskennslu og einnig ítarefni á neti. Eining er reynt að skima nemendur með lestrarörðugleika strax í byrjun og fá aðstoð dyslexiukennara þar sem það á við. Íslenskudeildin nefndi að skipting annarinnar í lotur væri nemendum til hagsbóta og félagsfræðideildin sagði að prófkröfur í byrjunaráföngum væru nýnemum erfiðar og æskilegt væri því að nemendur

hæfu ekki nám í félagsfræði beint úr grunnskóla. Sálfræðideild sagði það sama um sálfræðinám.

Nokkrar deildir sögðust reyna að sýna nýnemum aðhald og nefnt var að viðbrigðin við að flytjast úr grunn- í framhaldsskóla reyndust mörgum nemendum erfið. Aðstoð eldri nemenda í byrjunaráföngum hafði verið reynd í dönskudeild og lofar góðu.

Próf eru, eins og kennsluáætlanir, samdar í sameiningu ef fleiri kennarar eru í áfanga. Þeir fara í örfáum tilfellum einnig yfir próf í sameiningu en algengara er að þeir setji sameiginlegan ramma um yfirferð og fyrirgjöf og fari síðan yfir vafatilfelli saman.

Margar deildir hafa reynslu af **símati**, yfirleitt í efri áföngum. Sú reynsla er yfirleitt góð en þó var nefnt að vinna við slíkan áfanga væri margfalt meiri heldur en við áfanga með hefðbundnu námsmati. Nefnt var að nemendur stunduðu námið betur í símatsáföngum og að þá bæri að taka upp víðar og einn nefndi að símat gæti verið aðferð til að sporna við brottfalli. Enginn hafði þó borið saman símat og próf í sama áfanga en þess ber að geta að lokapróf gilda yfirleitt 50-80% og er þá hinn hluti einkunnar byggður á símati.

Brotalamir varðandi próf og námsmat. Fáir tjáðu sig um það mál en þó var nefnt að skortur væri á umræðu um námsmat og kennsluáðferðir innan skólans almennt og brýnt að ráða bót þar á. Ein deild nefndi líka að sífellt fleiri nemendur deildarinnar fari annað í erfiðustu áfangana og nái þar viðunandi eða góðum árangri og kæmu síðan og héldu náminu áfram.

NÁMSKRÁIN OG DEILDIN

Allir fylgja **aðalnámskrá** í aðalatriðum sem og **skólanámskrá** og mjög margir hafa borið sitt námsefni saman við námsefni annarra skóla. Bæði er að margir kennarar hafa kennt í öðrum skólum, einhverjir eru eða hafa verið prófdómarar og síðan taka kennarar þátt í fundum fagfélaga þar sem menn bera saman bækur sínar í bókstaflegri merkingu þess orðs. Sem dæmi um samvinnu má nefna að þýskudeild hefur samstarf við MK um notkun á nýju kennsluefni, spænsku og frönskudeild hefur samband við MK og MS varðandi kennslu og FVA varða prófasamningu, félagsfræðin vinnur með kennurum annarra skóla að verkefnagerð og þannig mætti áfram telja.

SAMSKIPTI DEILDAR VIÐ AÐRA AÐILA INNAN SKÓLANS

Yfirleitt kom fram sú skoðun að **yfirstjórn skólans** stæði sig með ágætum og sýndi skilning varðandi þarfir deildar þó reyndar kæmu fram athugasemdir um tregðu varðandi kaup á nauðsynlegum tækjum til verklegrar kennslu sem og hugbúnaði.

Enginn gerði athugasemd við ferli það sem fylgt er varðandi **mannaráðningar** og stuðningur við kennara vegna **endumenntunar** og ferðalaga innanlands og utan var yfirleitt rómaður þó einnig kæmi fram sú skoðun að hann mætti vera meiri.

Deildir gerðu beittar athugasemdir við **stundatöflugerð** og lýst var eftir betri töflum og sameiginlegum fundartíma deildar í töflu og þegar röðin kom að **gerð stofutöflu** voru þær enn harðorðari. Óskiljanlegt þykir að áfangi geti ekki verið kenndur í sömu stofu í öllum tímum vikunnar og sálfræðideild og frönsku- og spænskudeild og fleiri deildir sögðust hafa árum saman árangurslaust beðið um eigin stofu þar sem geyma mætti gögn og þessháttar tengt faginu. Lélegt aðgengi hópa að tölvustofum settu margar deildir einnig fyrir sig.

Varðandi **málefni einstakra** nemenda nefndi ein deild að yfirvöldum hætti til að vera of undanlátssöm við nemendur og gæta þess ekki alltaf að fylgja jafnræðisreglu. Sama deild prísaði hinsvegar yfirvöld varðandi stuðning við lesblinda og nýbúa.

Samskipti við **náms- og starfsráðgjöf, bókasafn, fjármálastjóra og skrifstofu** sem og **ljósritun og tölvuþjónustu** sögðu allir með ágætum. Helst var að gerðar væru athugasemdir um að tölvudeild ynni undir miklu álagi og því stundum bið eftir þjónustu. Framtaki því að ráða mann til að sinna ljósritun var fagnað.